

Bolungarvík 21.11 2024

**Minnisblað vegna umsóknar Ásdísar Kristjánsdóttur kt. 311067-5919 um gufuvagn**

Sótt hefur verið um starfsleyfi til okkar fyrir gufuvagni, þ.e hjólhýsi sem búið er að innrétta sem gufuvagn. Umsækjandi er Ásdís Kristjánsdóttir kt. 311067-5919. Heilbrigðisfulltrúar fóru þann 19. nóvember sl. og skoðuðu aðstöðu og útbúnað vagnsins. Um er að ræða hjólhýsi sem búið er að innrétta þurr-gufubað sem er hitað upp með viðarkamínu. Í gufuryminu eru 2 opnanlegir gluggar. Í fremra rými eða inngangi vagnsins er aðstaða til að taka af sér yfirhafnir. Ekki eru gerðar athugasemdir við aðstöðuna og verður starfsleyfisumsókn lögð fyrir næsta fund sem er ráðgerður í desember. Gott væri ef stöðuleyfi myndi liggja fyrir þegar starfsleyfið verður afgreitt.

Virðingarfyllst



Hlynur Reynisson  
Heilbrigðisfulltrúi